

Föstudaginn 20. jan. 1928.

Nr. 56/1927. **H.f. Kveldúlfur** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn
 Stefáni Th. Jónssyni (M. Guðmundsson).

Um rifting saltfiskskaupa.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðar 4. maí 1927:
 Stefndur Stefán Th. Jónsson á að vera sýkn af kröfum stefn-
 anda, Sigurðar Baldvinssonar f. h. H/f. »Kveldúlfur«.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir fyrir hæstarjetti gert hinar sömu
 kröfur sem í undirrjetti með þeirri einu breytingu, að
 hann hefir fært aðalkröfu sína niður um 20 kr.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi var það
 áskilið af hálfu áfrýjanda í kaupsamningnum um þau
 139 skpd. af saltfiski, er ræðir um í máli þessu, að
 fiskurinn mátti ekki vera þurkaður lengur í húsi en
 8 klukkustundir og við vægan hita, en skyldi að öðru
 leyti vera sólþurkaður. Það er enn fremur upplýst og
 viðurkent, að fiskur sá er stefndi afhenti var þurkað-
 ur lengur í húsi en áskilið var í samningnum. Þetta
 voru samningsrof af hálfu stefnda og þar sem það
 eftir því sem upplýst er í málinu verður að teljast
 verulegur galli á fiskinum að hann var þurkaður í
 húsi lengur en samningurinn ákvað, var áfrýjanda
 samkvæmt 43. gr. laga nr. 39, 19. júní 1922 heimilt
 að rifta samningnum fyrir þessa sök og misti áfrýj-
 andi ekki þenna rjett þótt hann ljeti taka við fisk-
 inum í skipið í trausti fullyrðingar stefnda um að hann
 mundi útvega vottorð matsmanna um það, að fiskur-
 inn væri samningshæfur. — Stefndi byggir enn frem-
 ur sýknukröfu sína á því, að það hafi orðið að sam-

komulagi milli sín og umboðsmanns áfrýjanda, eftir að fiskurinn var afhentur og kominn um borð í skipið á Seyðisfirði, að kaupin skyldu þá ganga til baka gegn því að stefndi endurgreiddi áfrýjanda kaupverðið. En stefndi hefir ekki gegn mótmælum áfrýjanda sannað, að þetta hafi orðið að samningum. Þvert á móti þykir það nægilega upplýst með símskeytum þessu viðvikjandi, er lögð hafa verið fram í málinu, að rokkruleyti af nýju í hæstarjetti, að stefndi hafi neitað að ganga að því skilyrði, er áfrýjandi setti fyrir endur afhendingu fiskjarins, sem sje að stefndi skyldi greiða aukafarmgjald, er áfrýjanda samkvæmt farmsamningnum var skylt að greiða fyrir það að fiskurinn var fluttur í skipið og hafna á milli. Áfrýjanda var því heimilt að flytja fiskinn til Reykjavíkur svo sem hann gerði og rifta kaupunum þar eftir að það var upplýst með skoðunargjörð dómkvaddra manna, að fiskurinn var að mun lakari vara en áskilið var.

Samkvæmt framansögðu verður eftir kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að endurgreiða kaupverð fiskjarins, sem viðurkent er að hafi verið 24927 kr. Ennfremur hefir áfrýjandi krafist skaðabóta fyrir samningsrofin að upphæð upphaflega 4713 kr. 46 a., er hann hjer fyrir rjetti hefir fært niður í kr. 4693,46. Hefir stefndi mótmælt hjer fyrir rjettinum skaðabótupphæðinni sem of hárri. En þar sem áfrýjandi hefir gert skaðabótakröfuna fyrir undirrjetti og gert þar sundurliðaða grein fyrir henni án þess nokkur mótmæli gegn henni kæmu þar fram, verður samkvæmt kröfu áfrýjanda, að líta svo á að mótmæli stefnda hjer fyrir rjettinum sjeu of seint framkomin og verða þau því þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Það ber því einnig að fallast á skaðabótakröfu áfrýjanda og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda sam-

tals 29620 kr. 46 a. með vöxtum svo sem krafist hefir verið þ. e. 6 % af kr. 24927 frá greiðsludegi kaupverðsins 7. des. 1925 og 6 % af kr. 4693,40 frá sáttakærudegi 12. júní 1926.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði fyrir undirrjetti og hæstarjetti og ákveðst hann samtals fyrir báðum rjettum 800 kr.

Þvi dæmist rjett vera:

Stefndi Stefán Th. Jónsson greiði á frýjanda h/f. Kveldúlfi kr. 29620,46 með 6 % vöxtum af kr. 24927,00 frá 7. des. 1925 og 6 % vöxtum af kr. 4693,46 frá 12. júní 1926. Svo greiði og stefndi áfrýjanda málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilaun höfðað fyrir aukarjetti Seyðisfjarðarkaupstaðar með stefnu útgefinni 26. júní 1926 af Sig. Baldvinssyni f. h. h/f. »Kveldúlfur« gegn Stefáni Th. Jónssyni.

Málavextir eru þessi:

Í október 1925 keypti stefnandi af stefndum alt að 500 skpd. af sólþurkuðum stórfiski og áskildi stefndi sjer rjett til að bregða nokkrum skippundum í þurkhús, ef með þyrfti, nokkurn tíma til síðustu skerpu, án þess að það yrði sjáanlegt á fiskinum. Þessu svarar stefnandi með símskeyti ¹¹/₁₀ þannig: » . . . samþykkjum alt að fjórða parti fiskjarins sje brugðið upp alt að átta tímum við vægan hita . . . » Staðfesti stefndi svo sölu á fiskinum samdægurs með símskeyti, án þess að minnast frekar á þetta atriði. Af hinum selda fiski afgreiddi stefndi fyrst 300 skpd. og er enginn ágreiningur um þau í

Þessu máli, en með símskeyti $16/4$ tilkynnir hann stefnanda, að hann hefði tilbúin 61 skpd. af sólþurkuðum fiski og 139 skpd. af sól- og húsþurkuðum fiski, og sendi um sama leyti matsvottorð. $27/11$ simar stefnandi, að 15 skpd. meira sje þurkað í húsi en heimilt hafði verið eftir samningi, og að matsvottorðið beri ekki með sjer, hve lengi fiskurinn hafi verið þurkaður í húsi. Þessu svaraði stefndi $30/11$ á þá leið, að húsþurkaði fiskurinn sje beinlinis falletgri en sá, er þurkaður var við vind úti.

Með símskeyti $18/12$ tilkyndir svo stefnandi stefndum að fiskurinn fari með skipinu »Ringfond« og Konráð Stefánsson komi fram fyrir sína hönd og með símskeyti daginn eftir biður hann stefnda að gefa Konráði aðgang að skeytum þeirra viðvíkjandi fiskinum.

Með símskeyti $21/12$ tilkynnir stefnandi stefnda, að fiskurinn, sem honum var leyft að þurka í húsi alt að átta tíma sje alt að því hálfþurkaður í húsi, telji hann þetta samningsrof og áskilji sjer rjett til að krefjast bóta fyrir alt tjón, er af þessu leiði. Með símskeyti $28/12$ lætur stefnandi stefnda vita, að hann muni greiða andvirði áður umgetinna 300 skpd., og leggja um leið lögghald á það til tryggingar skaðabótunum, nema stefndi geri sjer skaðabótilboð, sem hann sjái sjer fært að ganga að. Þessu svarar stefndi með símskeyti $29/12$, kveðst ekki hafa rofið samninginn og hafa skilið 8 tíma ákvæðið sem bendingu um, hve lengi fiskurinn mætti hanga í einu í þurkhúsi, enda hafi stefnandi fengið matsvottorð, greitt fiskverðið og veitt honum móttöku í »Ringfond« athugasemdalaust, og biður hann loks að sima, hve háa skaðabótakröfn hann geri, vegna galla þeirra, er hann telji vera á fiskinum. Þessu skeyti svarar stefnandi $30/12$ á þá leið, að hann óttist minst 30 króna afslátt á skpd. og muni líklega sættast á þeim grundvelli, ef stefndi geri boð strax. Með símskeyti $31/12$ tilkynnir stefndur, að hann viðurkenni ekki samningsrof en skuli til samkomulags slá 10 kr. af skpd. en að öðrum kosti krefjist hann að fá fiskinn aftur, og megi stefandi draga andvirðið frá þeirri upphæð, er hann skuldi sjer.

Þessu svaraði stefnandi með símskeyti samdægurs svoljóðandi: »Því miður líklega ómögulegt losa húspurra fisk yðar þaræð víst mikið af öðrum fiski komið ofan á mundi verða yður of kostnaðarsamt borga tafir skipsins og allan kostnað þar að lútandi annars væri oss ljúfast að þjer tækjuð

fitkinn stop 10 króna tilboð yðar með öllu óaðgengilegt«. Stefndi svarar samdægurs með skeyti að eftir upplýsingum frá fiskimatsmanninum sje húspurkaði fiskurinn sjerstakur í lestinni og ekkert ofan á honum, enda hafi Konráð sýnt sjer skeyti frá honum (stefnanda), þar sem hann hafi lagt svo fyrir, ef þyrfti að afferma fiskinn í Reykjavík og krefst, að hann afhendi fiskinn. Svar stefnanda er í simskeyti til Konráðs Stefánssonar dags. $\frac{2}{1}$ 1926 og hljóðar svo: »Látið Stefán losa fiskinn og greiða skipstjóra »frakt« annars koma með fiskinn hingað«.

»Ringfond« flutti svo fiskinn til Reykjavíkur og er þangað kom, ljet stefnandi stefnda vita með simskeyti $\frac{7}{1}$ að fiskurinn væri svo ljótur og svo mikið þurkaður í húsi, að ekki væri hægt að senda hann til Barcelona, segir að eina úrræðið til að forðast málaferli sje að stefndi taki við fiskinum og kaupin gangi aftur, lofar að annast uppskipun hans og lána hús fyrir hann þangað tif stefndi ráðstafi honum. Að öðrum kosti verði hann (stefnandi) að láta endurmeta hann, og ef hann reynist annar og verri en samningar standi til, áskilji hann sjer óskertan rjett til að rifta kaupin og krefjast skaðabóta. Þessu skeyti svarar stefndi $\frac{8}{1}$ kveður fiskinn vera sjer óviðkomandi, því samkomulag hafi verið komið á milli sín, stefnanda og Konráðs, að hann tæki fiskinn í land sunnudagsmorguninn $\frac{3}{1}$ en á laugasdagskvöldið hafi hann símað Konráði, að sleppa ekki fiskinum, en koma með hann til Reykjavíkur, nema hann (stefndi) greiddi skipstjóra farmgjald. Hafi hann með þessu fyrirgert sínum imynduðu kröfum á sig. Í simskeyti dags. s. d. endurtekur stefnandi tilboð sitt, að kaupin gangi aftur, og kveður sökina hjá stefnda, þar sem hann hafi ekki viljað greiða farmgjald til »Ringfond«. Stefndi ljet síðan flytja fiskinn á land í Reykjavík og dómkvadda menn meta hann og segir hann í simskeyti til stefnaa $\frac{4}{2}$ að hann haldi fast við kröfu sína um riftun á kaupunum, þar eð matsmennirnir staðfesti að allur fiskurinn sje þurkaður í húsi lengur en 8 tíma og megnið algerlega húspurkað og flokkun hafi reynst röng. Biður hann stefnda að samþykkja riftun og og endurgreiða kaupverðið, auk kostnaðar og skaðabóta. Þessu skeyti svarar stefndi $\frac{5}{2}$ að fresturinn sje sjer óviðkomandi.

Í málinu gerir stefnandi þær kröfur: Aðallega að stefndur verði dæmdur til að endurgreiða sjer andvirði fiskjarins

kr. 24927,00 með 6 % ársvöxtum frá $7\frac{1}{12}$ 1925 til greiðsludags og kr. 4713,46 í skaðabætur fyrir samningsrof ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags; en til vara að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer afslátt á kaupverði fiskjarins og skaðabætur, samtals kr. 12383,25 ásamt 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Svo krefst hann málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur krefst sýknunar og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi rofið fiskisölusamninginn með því að þurka fiskinn meira í húsi en honum hafi verið heimilt og mótmælir þeim skilningi stefnda, að samningurinn hafi heimilað honum að láta fiskinn hanga í þurkhúsi lengur en 8 tíma, ef þess aðeins væri gætt, að hann hengi ekki lengur þar í einu en 8 tíma. Verður rjetturinn að vera stefnanda sammála um að stefndum hafi verið óheimilt að þurka fiskinn lengur í húsi en 8 tíma og þar sem húsþurkunin olli því, að fiskurinn reyndist ekki eins góður og áskilið var og um kaupmanna viðskifti var að ræða, verður að fallast á, að stefnandi hafi haft rjett til að rifta samninginn.

Stefndur heldur því fram, að þó stefnandi hafi haft rjett til að rifta samninginn, þá hafi hann fyrirgert honum með því að greiða andvirði fiskjarins og taka við honum athugasemdalaust.

Stefnandi mótmælir þessu og heldur því fram, að umboðsmaður sinn Konráð Stefánsson, hafi ætlað að stöðva fermingu fiskjarins af því að honum hafi þótt hann ljótur, en þá hafi stefndur sagst geta fengið vottorð yfirfiskimatsmanns um, að fiskurinn væri samningshæfur, og hafi þá verið haldið áfram fermingunni í þeirri trú, að vottorðið fengist. En er það brást hafi stefnandi strax áskilið sjer rjett til að rifta og krefjast skaðabóta. Er þessu ekki mótmælt af stefnda, sbr. og simskeyti stefnanda $2\frac{1}{12}$ og verða því ekki þessi mótmæli stefnds tekin til greina.

Þá heldur stefndi því fram, að laugardaginn $2\frac{1}{12}$ hafi verið orðið að samkomulagi með sjer, stefnanda og umboðsmanni hans, að hann tæki fiskinn í land sunndagsmorguninn $3\frac{1}{12}$ en á laugardagskvöldið hafi komið simskeyti frá stefnanda til Konráðs Stefánssonar, sem hafi gert það að skilyrði fyrir afhendingu fiskjarins, að hann greiddi skipstjóra farm-

gjald. Hafi ekki verið heimilt að rjúfa þetta samkomulag þannig, og sje hann því laus allra mála og fiskurinn sjer óviðkomandi upp frá því, enda hafi skipstjóri lýst yfir því, að hann ætti ekki heimtingu á farmgjaldi og krafðist þess ekki.

Stefnandi hefir mótmælt því, að samkomulag hafi orðið um þetta og sömuleiðis því, að skipstjóri hafi lýst yfir því, að hann krefðist ekki farmgjalds. Hefir stefndur ekki fært sönnur á þessa yfirlýsingu skipstjórans.

Eins og áður er fram tekið, fór stefndur fram á að fá fiskinn aftur ef ekki yrði gengið að afslætti þeim er hann bauð og bað stefnanda að síma skipstjóra að afhenda sjer fiskinn, og svaraði stefnandi því þannig, að sjer væri ljúfast að hann tæki fiskinn en því miður væri það líklega ómögulegt þar sem vist væri komið mikið ofan á hann í lestinni og of kostnaðarsamt yrði fyrir stefnanda að borga tafir skipsins og allan kostnað þar að lútandi. Er þetta svar stefnanda þannig orðað, að stefndur hafði rjettmæta ástæðu til að álíta, að hann væri því fyllilega samþykkur, að kaupin gengi aftur án þess að hann ætlaði sjer að gera nokkrar kröfur út af vanefndum þeim, er hann taldi vera á samningnum, enda símaði hann stefnanda strax, að fiskurinn væri sjerstakur í lestinni eins og hann hefði lagt fyrir. En á hitt atriðið, kostnaðinn, minnst hann ekkert í skeytinu, enda hafði hann ekki ástæðu til að ætla, að um annan kostnað væri að ræða en affermingarkostnað og kostnað við tafir skipsins vegna affermingarinnar, en því er ómótmælt haldið fram af stefndum, að skipið hefði ekki tafist af þeirri ástæðu. — Og þar sem stefnandi hefir lýst yfir því, að hann hafi leigt umrætt skip til fiskflutninga til Spánar fyrir ákveðna upphæð fyrir ferðina og ekki fært neinar sönnur á rjett skipstjóra til að krefjast farmgjalds af viðtakanda, verður ekki álitid, að rjett hafi verið að binda afhendingu fiskjarins til stefnda því skilyrði, að farmgjald væri greitt.

Rjetturinn verður því að líta svo á, að stefnandi hafi fallist á með áðurnefndu skeyti $\frac{2}{1}$ að kaupin gengju aftur og með því afsalað sjer rjetti til að rifta samninginn og krefjast skaðabóta eða afsláttar á kaupverði fyrir vanefndir þær, er hann taldi vera á sölusamningnum, og hann hafi ekki sannað heimild sína nje skipstjóra til að gera farmgjaldsgreiðslu að skilyrði fyrir afhendingu fiskjarins til stefnda.

Það verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu og þykir eftir atvikum rjett, að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. jan. 1928.

Nr. 95/1927. **Rjettvisin** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn

Karli Haraldi Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 200. gr. hgl. og 261. sigl.l.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 22. okt. 1927: Ákærður, Karl Haraldur Jónsson, sæti 30 daga einföldu fangelsi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 40 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Jóns Ásbjörnssonar hrm.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði, og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sektar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af rjettvisinnar hálfu.

Brot ákærða er af sjódóminum rjettilega heimfært undir 261. gr. siglingalaganna og 200. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði sjódómsins um málskostnað í hjeræði staðfestist. Svo verður ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors.